



# ÍSLE1MR05 – Mál og ritun

## Kennsluáætlun – vorönn 2020

Fjölbrautaskóli Suðurlands

---

### **Kennarar áfangans:**

Katrín Tryggvadóttir, Rósa Marta Guðnadóttir.

### **Áfangalýsing:**

Í áfanganum er lagt upp með að nemendur þjálfist í lestri, lesskilningi, framsögn og ritun. Lesin er ein skáldsaga og verkefni tengd henni unnin. Að auki eru unnin smærri verkefni sem ætluð eru til að þjálfna nemendur í byggingu efnisgreina og ýmiss konar nytjatexta. Einnig koma nemendur fram fyrir hóp og tjá skoðanir sínar á hugðarefnum sínum og þeim bókmenntatextum sem lesnir verða.

### **Markmið áfangans:**

#### **Þekking**

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- grunnhugtökum í ritgerðarsmíð
- helstu málfræðihugtökum og ritreglum sem nýtast í tal- og ritmáli
- orðaforða umfram það sem tíðkast í talmáli
- bókmenntum
- nokkrum tegundum nytjatexta
- mismunandi framsetningu og stíl
- helstu bókmenntahugtökum

#### **Leikni**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skrifa mismunandi textagerðir í samfelldu máli þar sem framsetning er skýr og skipulögð
- nota leiðréttingarforrit og önnur hjálpargögn til að lagfæra eigin texta
- nýta málfræðihugtök til að bæta eigin málfærni
- flytja mál sitt af nokkru öryggi á góðu máli
- lesa sér til gagns og gamans bókmenntaverk jafnt sem styttri texta og fjalla um inntak þeirra
- taka saman og flytja stuttar endursagnir, lýsingar og kynningar á afmörkuðu efni

#### **Hæfni**

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- byggja upp mismunandi texta með viðeigandi málfari
- túlka og meta atburðarás og persónur í bókmenntum eða annars konar texta

- halda uppi samræðum og rökstyðja eigin fullyrðingar, ákvarðanir og skoðanir á málefnalegan hátt
- nýta algeng stílbrögð til að leggja áherslu á orð sín
- beita blæbrigðum í máli til að forðast einhæfni og endurtekningar
- setja sig í spor annarra og virða skoðanir þeirra

### Kennslubækur og kennslugögn

- Arnaldur Indriðason: *Grafarþögn*
- *Skrambi* (leiðréttingarforrit á netinu)
- *Íslensk orðabók*.
- Snara.is – orðabækur (opinn aðgangur í skólanum).
- Efni frá kennurum.
- Vangaveltubók/mappa.

### Vægi námsþátta í vetrareinkunn

Áfanginn er án lokaprófs en námsmat fer fram jafnt og þétt yfir önnina. Mikilvægt er því að nemendur skili jafnri og góðri vinnu frá upphafi til loka annar. Einkunnir byggja á verkefnum og prófum. Vægi einstakra námsþátta verður eftirfarandi:

Ýmsar ritunaræfinga	20%
Grafarþögn, próf og verkefni	40%
Lokaverkefni	10%
Mæting og virkni	10%
Vangaveltur	20%

### Verkefnaskil

- Öllum verkefnum skal skilað á tilsettum tíma.
- Geti nemandi ekki einhverra hluta vegna mætt í kennslustund ber hann sjálfur ábyrgð á því að fylgjast með kröfum um heimanám, próf og verkefnaskil. Oftast má sjá slíkt á Innu en einnig er hægt að hafa samband við kennara.
- Nemandi sem missir af prófi eða verkefni vegna veikinda ber sjálfur ábyrgð á því að óska eftir sjúkraprófi og skal ávallt bera upp þá ósk um leið og hann mætir á ný.
- Nemanda ber að virða höfundarrétt. Ritstuldur varðar við lög, öllum slíkum málum verður vísað til skólastjórnenda.
- Notkun síma og samsvarandi tækja er ekki heimil í kennslustundum nema í tengslum við nám og með leyfi kennara. Ítrekuð óleyfileg notkun slíkra tækja samsvarar fjarvist.

## Áætlun um kennslu og yfirferð á önninni:

Vika:	Dagsetning:	Námsefni/viðfangsefni:	Helstu próf og verkefni:
2	7. - 10. janúar	Kynning áfanga. Lestur Grafarþagnar hefst	Glósa hvern kafla sögunnar (5-10 línur)
3	13. - 17. janúar	Grafarþögn lesin	Verkefni í tengslum við efnið.
4	20. - 24. janúar	Grafarþögn lesin	Verkefni í tengslum við efnið. Próf úr Grafarþögn bls. 5-101
5	27. - 31. janúar	Grafarþögn lesin	Verkefni í tengslum við efnið.
6	3.-7. febrúar	Grafarþögn lesin	Verkefni/próf í tengslum við efnið.
7	10.-14. febrúar	Grafarþögn lesin	Verkefni/próf í tengslum við efnið. Próf úr Grafarþögn bls. 102-201
8	17.-21. febrúar	Grafarþögn lesin KÁTIR DAGAR.	Verkefni/próf í tengslum við efnið.
9	24. - 28. febrúar	Grafarþögn lesin	Verkefni/próf í tengslum við efnið.
10	2.-6. mars	Grafarþögn lesin	Verkefni/próf í tengslum við efnið.
11	9.-13. mars	Grafarþögn lesin	Próf úr Grafarþögn bls. 202-295
12	16.-20. mars	Ritgerð úr Grafarþögn	Unnið að ritgerð
13	23. - 27. mars	Málefni rædd	Verkefni, umræður, ígrundun
14	30. mars-3. apríl	Málefni rædd	Verkefni, umræður, ígrundun
15	6.-14. apríl	<b>Páskaleyfi</b>	
16	15.-17. apríl	Lokaverkefni	Unnið að lokaverkefni
17	20.-24. apríl	Lokaverkefni	Unnið að lokaverkefni
18	27. - 30. apríl	Lokaverkefni kynnt	
19	4.-8. maí	Lokaverkefni kynnt, úrvinnsla	Annarlok

Selfossi, 6. janúar 2020

Með von um góða samvinnu og fyrirvara um breytingar.

Katrín Tryggvadóttir og Rósa Marta Guðnadóttir